

Aðalfundur hverfisnefndar Síðuhverfis

haldinn í Síðuskóla 13. maí 2013 kl. 20:00

36. fundur

Þar sem ekki hefur verið starfandi hverfisnefnd í hverfinu í nokkurn tíma þá þurfti að breyta frá reglum um venjuleg aðalfundarstörf.

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kynning á samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri
3. Kosning fimm fulltrúa í hverfisnefnd og tveggja til vara
4. Jón Birgir Gunnlaugsson, forstöðumaður umhverfismála fer yfir helstu verkefni sem fyrirhuguð eru í hverfinu

Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Geir Kristinn bar fram þá tillögu um að hann yrði fundarstjóri og Dagný Magnea Harðardóttir tengiliður Akureyrarbæjar við hverfisnefndir yrði fundarritari og var sú tillaga samþykkt.

2. Kynning á samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri

Fundarstjóri fór yfir „Samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri“. Hann sagði einnig frá samþykkt sem gerð var í bæjarstjórn Akureyrarbæjar í tilefni 150 ára afmælis bæjarins að veita fjármunum í sérstakt umhverfisáttak. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að hver hverfisnefnd fengi til ráðstöfunar tvær milljónir kr. og hvort hverfisráð í Hrísey og Grímsey fengi eina milljón kr. til ráðstöfunar í umhverfismál innan síns hverfis/ráðs en þó væru allar ákvarðanir um framkvæmdir háðar samþykki framkvæmdadeildar/ráðs. Auk þess geta íbúar bæjarins sett fram óskir sínar um framkvæmdir í bæjarlandinu á heimasíðu Akureyrarbæjar <http://.akureyri.is>

3. Kosning fimm fulltrúa í hverfisnefnd og tveggja til vara

Fundarstjóri óskaði eftir framboðum í hverfisnefnd. Fimm aðilar buðu sig fram sem aðalmenn og tveir til vara. Þau sem buðu sig fram sem aðalmenn í hverfisnefnd eru:

Hulda Sif Hermannsdóttir, María Helena Tryggvadóttir, Arne V. Olsen, Finnur Jóhannesson og Kristján Kristjánsson.

Til vara:

Ágústa Ólafsdóttir og Guðbjörg Ingimundardóttir.

Þar sem ekki komu fram fleiri framboð teljast fyrrgreindir aðilar rétt kosnir í hverfisnefnd Síðuhverfis.

Fulltrúar í hverfisnefndinni mun skipta með sér verkum á sínum fyrsta fundi.

4. Jón Birgir Gunnlaugsson, forstöðumaður umhverfismála fer yfir helstu verkefni sem fyrirhuguð eru í hverfinu

Jón Birgir fór yfir tillögur framkvæmdadeildar um verkefni í umhverfisátaki sem framkvæma á fyrir afmælisgjöf til umhverfismála að upphæð kr. 100.milljónir sem bærinn gaf sjálfum sér í tilefni af 150 ára afmæli bæjarins.

Hann greindi einnig frá þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í hverfinu á þessu ári fyrir utan venjulegt viðhald, en þar er helst að nefna lengingu Borgarbrautar að Bröttusíðu, tenging frá Borgarbraut með stígum niður í Vestursíðu, lýsing Síðubrautar og hugsanlegri gerð gangstéttar þar sem er í skoðun. Einnig er verið að deiliskipuleggja iðnaðarsvæðið. Nokkur umræða fór fram um hvað gott væri að gera í hverfinu varðandi umferðaöryggi og fleiri mál.

Fundi slitið kl. 21:10

Fundarmenn 11.